



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa skipulags- og byggingarmála

Reykjavík, 24. apríl 2026

USK25090040

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. september 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins, sbr. 22. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 3. september 2025.

Hvernig er staðan á vinnu við gerð hverfisskipulags fyrir Kjalarnes sem að fór í gang í apríl sl. ? Tímalína gerði ráð fyrir að vinnutillögur væru klárar í haust. Áhugi landeigenda Hofs og Gróartúns að fara af stað með skipulagsvinnu er mikil. Þar gefst borginni tækifæri til að fara í fjölbreyttari uppbyggingu á íbúðarhúsnæði en á fyrirhuguðum þéttingarreitum. Íbúar Kjalarnes lögðu mikla áherslu á samráðsfundinum að á Kjalarnesi yrði áfram "sveit í borg" upplifun í framtíðarskipulagi.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulags- og byggingarmála.

Svar:

Vinna við nýtt hverfisskipulag fyrir Grundarhverfi á Kjalarnesi er unnin samhliða endurskoðun á aðalskipulagi fyrir borgarhlutann. Í kjölfar skipulagsbreytinga á skrifstofum skipulags- og byggingarmála á síðasta ári tafðist gerð hverfisskipulagsins nokkuð en s.l. haust var tekin ákvörðun um að fara í hugmyndaleit vegna rammaskipulagsgerðar fyrir Grundarhverfi og nágrenni til vesturs. Í rammaskipulagi er ætlunin að móta hugmyndafræðilega heildarsýn á hvernig byggðarkjarninn í Grundarhverfi getur þróast til vesturs með uppbyggingu og aukna sjálfbærni í huga um leið og staðinn er vörður um sérstöðu og staðaranda á svæðinu.

Hugmyndaleitin fór af stað í lok nóvember s.l. og var þremur teiknistofum boðin þátttaka. Þær skiluðu allar tillögum sínum núna í apríl og valnefnd hefur verið að fara yfir tillögurnar og mun tilkynna þátttakendum um val sitt á tillögu til áframhaldandi vinnu á allra næstu dögum.

Teiknistofunni sem valin verður til áframhaldandi vinnu verður boðinn samningur um frekari skipulagsgerð á svæðinu, m.a. um nánari þróun á rammahluta eftir hugmyndaleitina og ráðgjöf við gerð hverfisskipulags fyrir núverandi hverfiskjarna í Grundarhverfi. Gert er ráð fyrir að sú vinna fari fram í sumar og haust og vonir standa til að hægt verði að staðfesta nýtt hverfisskipulag fyrir Grundarhverfi um eða eftir næstu áramót. Ný uppbygging vestur af núverandi þéttbýli er hins vegar háð gerð sérstaks



Reykjavík



deiliskipulags á grunni rammaskipulagsins, m.a. um áætlaða áfangaskiptingu uppbyggingar, og að undangengnum uppbyggingarsamningum við Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllst,
Brynjar Þór Jónasson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið